

Gangnaseðill sauðfjár haustið 2017 á gangnasvæði frá Vaðlaheiði að Mjaðmárdal

Meðfylgjandi er gangnaseðill vegna fjallskila haustið 2017.

- 1. göngur:** 2. sept., nema norðan Fiskilækjar 9. sept.
- 2. göngur:** 16. sept., en norðan Fiskilækjar 23. sept.

Dagsverkið er metið á kr. 10.000-.

Á gangnaseðlinum eru þeir aðilar sem göngur eru lagðar á, en það eru þeir sem sleppa fé á afrétt. Göngur eru lagðar á fjáreigendur eftir fjárfjölda, þó mismunandi eftir gangnasvæðum.

Meðfylgjandi er listi yfir gangnaforingja. Þemur dögum fyrir göngur ber að tilkynna viðkomandi gangnaforingja hverjir mæti.

Fyrir hvert gangnarof greiðist 1,5 dagsverk í fjallskilasjóð.

Hreinsa skal allt ókunnugt fé úr heimalöndum fyrir auglýsta gangnadaga og koma til skila. Óheimilt er að sleppa fé í afrétt að loknum göngum.

Ekki má flytja sauðfé yfir varnarlínur nema með sérstöku leyfi.

Umsjón með göngum í Öngulsstaðadeild hefur Orri Óttarsson, Garðsá, sími 899 3264.

Gangnasvæði:	Gangnaforingi:	Sími:
Vaðlaheiði	Jóhann Eysteinnsson	894 3130
Fiskilækjarfjall að norðan	Sverrir Friðriksson	847 1654
Fiskilækjarfjall að sunnan	Gunnar Haraldsson	462 4474
Garðsárdalur	Hákon Harðarson	896 9466
Almenningur	Ingólfur Jóhannsson	893 4047
Melrakka- og Helgárdalur	Snæbjörn Sigurðsson	894 5553
Staðarbyggðarfjall og Þverárdalur	Einar Gíslason	863 1470
Munkaþverártungur	Vilhjálmur Jónsson	463 1200
Mjaðmárdalur	Atli Bjarnason	898 4653

Réttað verður í Þverárétt kl. 10 sunnudaginn 3. sept.

Réttarstjóri: Hörður Guðmundsson, sími 897 2942.

Annars staðar er réttað þegar komið er að.

Gangnaseðlar eru á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar.

Innheimt verður gjald í fjallskilasjóð kr. 60 fyrir hverja kind samkvæmt búfjárskýrslu nema hjá þeim sem hafa allt fé heima.